

EBK ehf.
Fálkavöllur 8
Keflavíkurflugvöllur

13. febrúar 2026
UOS3631/KG

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun – EBK

Umhverfis- og orkustofnun vísar í eftirlitsskýrslu sína vegna reglubundins eftirlits hjá EBK ehf. þann 1. desember 2025, þar sem fram komu tvö frávik. Þann 2. febrúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frávik frá 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Tveir aflagðir 9 m³ neðanjarðar olíugeymar hafa ekki verið fjarlægðir innan sex mánaða frá því notkun var hætt. Frávik er opið.
2. Frávik frá gr. 2.2 í starfsleyfi. Tengiliðaupplýsingar höfðu ekki verið uppfærðar. Frávik er lokað.

Rekstraraðili bendir á að ef geymarnir yrðu fjarlægðir tafarlaust gæti það skapað verulega hættu á skemmdum á steyptri varnarpró og búnaði í nágrenni við geymana, þar á meðal 6,2 m³ geymi sem enn er í notkun. Lögð er fram áætlun um að fjarlægja geymana samhliða stækkun dæluýmis og öðrum endurbótum á árunum 2026–2027. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki og tankarnir verði fjarlægðir eigi síðar en í júní 2027. Skilyrði er að gengið sé úr skugga um að enginn vökvi sé í geymunum á meðan biðtíma stendur.,

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og veitir frest til að fjarlægja umrædda neðanjarðar geyma þar til 31. desember 2027

Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar. Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið. Hvað varðar frávik um tengiliðaupplýsingar er litið svo á að búið sé að upplýsa stofnunina um rétta tengiliði og málinu lokið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur í teymi eftirlits